



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

**Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla**  
**Hver eru tækifæri og áskoranir ?**

Sólrún Svava Kjartansdóttir

**Lokaritgerð til B.Mus.Ed-prófs**  
**Listaháskóli Íslands**  
**Tónlistardeild**  
**Maí 2023**



**Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla**  
**Hver eru tækifæri og áskoranir?**

Sólrún Svava Kjartansdóttir

Lokaritgerð til B.Mus.Ed-prófs í klassískri söng og hljóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Elín Anna Ísaksdóttir

Klassísk söng- og hljóðfærakennsla

Tónlistardeild

Maí 2023

Ritgeð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til B. Mus. Ed-prófs í klassískri hljóðfærakennslu við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita á afrita ritgerðina á nokkrun hátt nema með leyfi höfundar.

## Útdráttur

Í þessari ritgerð eru tækifæri og áskoranir í samstarfi milli tónlistarskóla og grunnskóla skoðuð sérstaklega en í aðalnámskrá tónlistarskóla frá árinu 2000 er fjallað um gildi samvinnu milli skólagerða. Í ritgerðinni er byggt á viðtölum sem tekin voru við þrjá skólastjóra og einn kennara tónlistarskóla. Notast var við eigindlega viðtalstækni til þess að fá skýra sýn á viðfangsefnið og á sama tíma fá innsýn í upplifanir viðmælanda sem þátttakendur í samstarfi. Í fræðikaflanum er meðal annars stuðst við aðalnámskrá tónlistarskóla og grunnskóla auk skýrslu Anne Bamford frá árinu 2011 og skýrslu Þóris Þórissonar frá 2002. Leitast var eftir að sjá hver fræðilegur grundvöllur milli samvinnu í skólastarfi er með tilliti til þeirra sem koma að samstarfinu. Hverjir er helstu kostir samstarfsins og hvað er það sem tónlistarskólarnir og grunnskólarnir geta gert betur.

Út frá þessum þáttum er sú ályktun dregin að tónlistarskólanir jafnt sem grunnskólarnir verða að vera tilbúnir að mætast á jafningja grundvelli og sameinast í því að gæta að réttindum nemenda til tónlistarmenntunar.

## **Efnisyfirlit**

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>NÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA</b> .....	<b>8</b>
<b>TÓNLISTARKENNSLA Í GRUNNSKÓLUM</b> .....	<b>9</b>
<b>VIÐTÖL</b> .....	<b>11</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>12</b>
TÓNLISTARSKÓLINN Á HÚSAVÍK.....	12
TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆRJAR.....	13
TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI.....	14
FELLASKÓLI - TILRAUNAVERKEFNI.....	16
<b>UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR</b> .....	<b>18</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>21</b>

## Inngangur

Þann 5. október 1930 setti Páll Ísólffsson nýráðinn skólastjóri Tónlistarskóla Reykjavíkur fyrsta fullburða tónlistarskóla Íslands við hátíðlega athöfn.<sup>1</sup> Í kjölfarið spruttu upp fleiri tónlistarskólar á næstu áratugum eins og Tónlistarskólinn á Akureyri, stofnaður 20. janúar 1946<sup>2</sup> og Tónlistarskóli Ísafjarðar 10. október 1948.<sup>3</sup> Stofnendur og skólastjórar þessara fyrstu tónlistarskóla höfðu flest stundað tónlistarnám erlendis sem óhjákvæmilega setti mark sitt á þróun tónlistarskólanna þessa fyrstu áratugi. Sem dæmi um þessi áhrif má nefna að fyrsti skólastjóri tónlistarskólans á Akureyri, Margrét Eiríksdóttir stundaði nám við Royal Academy of Music í London. Þar kynnst hún prófakerfi Associated Board of The Royal Schools of Music (ABRSM) þar sem nemendur taka 8 stigspróf og sem notast var við í fjölda tónlistarskóla á Íslandi um áratugaskeið en Tónlistarskólinn á Akureyri var fyrsti skólinn til að nota það kerfi.<sup>4</sup> Þó svo að búið sé búið að leggja af 8 stiga kerfið að mestu þá er það eitt skýrasta dæmið um hvað erlendrar hefðir höfðu þá og hafa enn þann dag í dag mikil áhrif á hvernig viðhorf nemenda, kennara og fólks almennt er til tónlistarmenntunar. Sú gamla hefð þar sem meistarinn kennir lærlingnum og þar sem áhersla er á að nemendur stundi sitt nám með reglu undir persónulegri leiðsögn kennara er ennþá mjög stór þáttur í menningu skólanna. Mögulega er það vegna þessara áhrifa að tónlistarskólar á Íslandi eru almennt mjög formfastar stofnanir þar sem samskipti geta verið það formleg að þau hindri persónuleg samskipti og það bitni á samstarfi milli stofnanna.<sup>5</sup>

Árið 2000 var í fyrsta skipti gefin út íslensk Aðalnámskrá tónlistarskóla og hafa tónlistarskólar almennt starfað eftir þeirri námskrá allar götur síðan. Í aðalnámskránni er hlutverk tónlistarskólanna skilgreint og skyldur skólanna í sambandi við menntun og rekstarlega þætti en einnig er farið yfir samfélagslegar skyldur þeirra.<sup>6</sup> Áhugavert er að rýna í hluta námskránnar þegar sem kemur að skyldu skólanna til að halda úti einhverskonar samstarfi við aðrar menntastofnanir því þar er með skýrum hætti vikið frá þeirri hefðsem orðið hefur til á Íslandi og sem má ef til vill setja fram á þann hátt að „ef þú vilt stunda tónlistarnám þá kemur þú til okkar en ekki við til þín“.

---

<sup>1</sup> Páll Ísólffsson, „Setning tónlistarskólans 5. október 1930,“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 12. október 1930, bls. 315.

<sup>2</sup> „Saga Skólans“ *Tonak*, e.d. <https://www.tonak.is/is/skolinn/saga>

<sup>3</sup> „Tónlistarfélag og Tónlistarskóli Ísafjarðar: Afmælishátíð og skólaslit.“ *Vestfirski fréttablaðið*, 26. maí 1988, bls 1.

<sup>4</sup> „Saga Skólans“

<sup>5</sup> Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigurþórsson. *Niðurstöður funda á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2019, Viðauki um tónlistarskóla*. 1. október 2020

<sup>6</sup> Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2000.

Í aðalnámskrá grunnskóla er tónmennt skyldufag innan list- og verkgreina frá 1.- 8. bekkjar en síðan sem valgrein fyrir 9. og 10. bekk. Í henni segir: „mikilvægt (er) að tónlistin sé tengd öllu skólastarfi óháð námsgreinum“. Aðalnámskráin tekur það einnig fram að iðkun tónlistar hafi góð áhrif á tilfinningalegan og félagslegan þroska barna.<sup>7</sup>

Hvernig geta tónlistarskólar og grunnskólar notið góðs af því að sameina krafta sína þegar kemur að tónlistarmenntun barna? Hvaða ramma setur námskrá og aðrar lagalegar skyldur skólanna utanum þetta samstarf? Með því að leita svara við þessum spurningum verður reynt að varpa ljósi á hver eru tækifærin og áskoranir í samstarfi tónlistarskóla og grunnskóla.

## Námskrá tónlistarskóla

Einungis ein lög eru til sem varða tónlistarskóla beint eða lög nr.75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Lög um ráðningu kennara og stjórnenda í sambandi við menntun og hæfni ná ekki til tónlistarskólakennar og þeir þurfa því ekki leyfisbréf líkt og kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum. En í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla hefur menntamálaráðuneytið um faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu og sér þar af leiðandi um að gefa út námskrá fyrir tónlistarskóla.<sup>8</sup>

Árið 2000 gaf menntamálaráðuneytið út fyrstu og enn sem komið er einu aðalnámskrá tónlistarskóla hér á Íslandi. Þar er farið yfir hvernig nám innan tónlistarskóla eigi að vera háttað hvað varðar kennslu, námsmat, próf, fræðigreinar og fleira. Þar má einnig finna atriði sem koma ekki beint námi nemenda innan skólans við, heldur fjallar almennt um hverjar skyldur skólanna eru. Í henni má þannig finna kafla sem nefnist „Samvinna í skólastarfi“ en þar er meðal annars farið yfir hvernig tónlistarskólar geta hagað samstarfi við leik-, grunn- og framhaldsskóla.<sup>9</sup> Námskráin tekur það fram að samvinna er í rauninni óumflýjanleg og mikilvæg fyrir menntastofnanir til þess að auka fjölbreytileika og rækta samfélagið sem skólastofnanirnar starfa í. Í tilfelli tónlistarskóla og grunnskóla er bent á að skólarnir eiga í grunninn sameiginleg markmið sem þau eru að vinna að sem er að styrkja nemendur með því að miðla þekkingu sinni og fræðslu til þeirra en einnig með því að hlúa að uppeldi barna og að þau þroskist tilfinningalega og félagslega.<sup>10</sup>

---

<sup>7</sup> „List- og verkgreinar.“ *Aðalnámskrá grunnskóla*, e.d. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

<sup>8</sup> Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigurþórsson. *Niðurstöður funda á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2019, Viðauki um tónlistarskóla.*

<sup>9</sup> Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti*

<sup>10</sup> Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti*



Námskráin kemur einnig inn á það að tónlistar- og grunnskólar þurfi að vinna saman að skipulagi á kennslu þar sem nemendur geta stundum valið að sækja einkatíma á sitt hljóðfæri á skólatíma. Það að fá að háttá náminu sínu svoleiðis getur verið gífurlega gagnlegt nemandanum þar sem að hann getur stundað hljóðfæranám í sinni samfeldu stundaskrá. Til að þetta hins vegar geti virkað þurfa tónlistarskólarnir annars vegar og grunnskólarnir hins vegar, að vera samvinnuþýðir og sýna hvorum öðrum skilning og vera viljugir fyrir því að láta þetta virka þannig að hagsmuna nemenda sé gætt. Í sumum tilfellum taka tónlistarskólarnir beinan þátt í kennslu innan grunnskólans með forskólakennslu eða þátttöku í tónmenntakennslu en það getur haft jákvæð áhrif á báðar stofnanirnar ef rétt er farið að og allir tilbúnir að standa við bakið á samstarfinu.

Til þess að auka sýnileika og þátttöku tónlistarskólanna inn í grunnskólunum nefnir námskráin ýmsar leiðir eins og að taka þátt í leikritum, söngleikjum eða einhverskonar þemavikum innan grunnskólanna en einnig listkynningum en þar gæti til dæmis átt við hljóðfærakynningar eða tónlistarkynninga eða annað álíka.<sup>11</sup>

Þegar kemur að tónlistarmenntun í grunnskólunum þá fellur hún undir hatt list- og verkgreinakennslu. Tilgangur kennslu í þessum greinum er að allir nemendur fái að spreyta sig á ólíkum leiðum til að skapa til að auka þroska og hæfni nemenda og til að stuðla að jafnrétti nemenda til að finna sinn veg í lífinu. Tónlist fellur undir hatt sviðslista sem eru dans, leiklist, sjónlistir og tónmennt og gerir námskráin kröfu um að þær séu kenndar í einhverju formi á öllum aldurstigum grunnskólans. Tónmenntakennsla á að auka þekkingu nemenda á grunnstoðum tónlistar líkt og tónhæð, tónlengd, blæ, túlkun, styrk, hljómunum og formi til þess að geta myndað sér skoðanir og sett tónlist í samhengi við sig sjálfan.<sup>12</sup>

## Tónlistarkennsla í grunnskólum

Árið 2008-2009 fékk menntamálaráðuneytið Anne Bamford, prófessor við University of the Arts London til að gera úttekt á list- og menningarfræðslu á Íslandi.<sup>13</sup> Í skýrslunni er farið yfir hvernig listkennsla á Íslandi er háttáð og hvernig viðhorf kennara, nemenda og samfélagsins er til hennar. Niðurstaða Bamford er að listkennsla á Íslandi sé heilt yfir mjög góð á alþjóðlegum mælikvarða. Hún nefnir einnig að tónlistarskólar landsins njóti virðingar í

---

<sup>11</sup> Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti*

<sup>12</sup> „List- og verkgreinar.

<sup>13</sup> Anne Bamford. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. (Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Apríl 2011).

samfélaginu og að þeir eiga langa sögu en hún sé þó frekar byggð á gömlum hefðum og hafi ekki tekið eðlilegum breytingum í tímans rás eins og áður hefur verið nefnt í þessari ritgerð. Bamford ítrekar þó að samfélagið sé að aðlagast breyttum þörfum fólks og að tónlistarskólarnir þurfi að gera það líka. Hún telur að aukið samstarf tónlistarskóla og grunnskóla gæti skipt sköpum hér og geti verið lykilinn að framþróun. Þó þurfi að gæta þess að það hafi ekki neikvæð áhrif á grunnskólamenntun nemendanna.<sup>14</sup> Þegar að kemur að tónlistarkennslu innan grunnskólanna líkt og tónmennt er ekki hægt að horfa framhjá því að mikil skortur virðist vera á tónmennta kennurum á landsvísu. Í skýrslu Bamford er bent á að margir tónlistarkennarar treysti sér ekki til að kenna stórum hópi nemenda tónlist. Faglærðir tónlistarkennarar velja þannig yfirleitt frekar að kenna í tónlistarskólunum frekar en grunnskólunum og er nærtækasta skýringin ef til vill sú að mörgum tónlistarkennurum þykir einfaldlega betra að kenna einum nemanda í einu frekar en stórum hópi barna. Þannig getur kennarinn líka fengið að einbeita sér að mun sérhæfðari menntun frekar en í grunnskólunum þar sem tónlistarkennslan er mun almennari. Tónlistarkennara upplifa sig ennfremur þannig að þau fái ekki nægan stuðning frá grunnskólunum hvað varðar vinnuálag, aðstöðu og finnst þeim þau oft einangruð frá öðrum kennurum.<sup>15</sup>

Önnur skýrsla sem fjallar um tónlistarkennslu innan grunnskóla er skýrsla Þóris Þórissonar og Sigurgríms Skúlasonar fyrir Fræðsluráð Reykjavíkur þar sem níu grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í tilrauna verkefni þar sem mnemendum var boðið uppá hljóðfæranám sem hluta af samfelldum skóladegi skólaárið 2001-2002. 41 nemenda í grunnskólum í Reykjavík bauðst að mæta í 30 mínútna tíma tvisvar í viku á skólatíma. Í niðurstöðum þeirrar skýrslu segir að meiri hluti þátttakenda þá foreldrar, börn, bekkjarkennarar og tónlistarkennarar áttu jákvæða upplifun af tilrauninni þegar þau voru tekin í viðtöl að rannsókninni lokinni. Þægindi og öryggi fylgdi því að nemandi gat sótt sér tíma á skólatíma og það létti á skyldum foreldra og nemenda seinni hluta dags eftir venjulegan skólatíma. Margir nemendur og kennarar tóku það fram að hljóðfæratíminni hrissti upp í rútínunni og það virtist ekki bitna á námi flestra nemenda að missa út úr tíma. Ein kennari tók það fram að nemendur komu oft ánægðari tilbaka úr hljóðfæratíma.

Skýrslan tekur þó fram að þetta fyrirkomulag hentar samt ekki öllum og því þurfi alltaf að veita og meta hvort að hægt sé að bjóða nemanda uppá hljóðfæratíma á skólatíma. Nemandinn þarf

---

<sup>14</sup> Anne Bamford. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*.

<sup>15</sup> Anne Bamford. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*.

að vera viljugur fyrir því og einnig það vel settur í námi að fjarvera úr tíma í 30 mínútúr tvisvar sinnum í viku hamli ekki námsframvindu.<sup>16</sup>

## Viðtöl

Í þessari ritgerð er leitað svara við eftirfarandi spurningum;

Hvað hefur samstarf tónlistarskólans við grunnskólann varað lengi?

Hvernig er samstarfinu háttað?

Hver var upprunalegi hvatinn fyrir samstarfinu og afhverju er samstarfið ennþá?

Hvernig upplifa kennarar og foreldrar þetta samstarf?

Hvað er mest krefjandi og gefandi við að vera í svona samstarfi?

Til að svara þessum spurningum var stuðst við gögn fengin úr eigindlegum einstaklingsviðtölum. Ekki er um eiginlegarannsókn að ræða en stuðst var við aðferðafræðina. Eigindlegum einstaklingsviðtöl er þegar höfundur telur sig þurfa fá reynslur og upplifanir einstaklings til að dýpka skilning á viðfangsefni höfundarins. Eigindleg einstaklingsviðtöl við valda viðtakendur var megin þáttur gagnavinnu ritgerðarinnar. Leitast var eftir eins nákvæmum svörum frá viðmælendum eins og mögulegt var en jafnframt spurt viðbótarspurniga og hvatti til umræðu til að víkka skilning á umfangsefninu. Viðmælendur voru valdnir með það í huga að hafa sem fjölbreyttar aðstæður viðmælanda. Horft var til staðsetningu skólana, stærð þeirra og hverskonar samstarf er í skólunum. Leitast var eftir því að fá ekki bara upplýsingar um hvernig samstarf tónlistarskóla viðmælanda við grunnskóla bæjarfélagsins er háttað frá degi til dags heldur einnig persónulegar upplifanir þeirra á samstarfinu. Með því var leitast eftir því að fá heildstæða mynd á praktísku hlið samstarfsins á mótí því hvernig það skilar sér í persónulegum upplifunum viðmælanda.<sup>17</sup>

Áður en viðtöl hófust var óskað leyfis til þess að nafngreina viðmælendur en þeir voru:

Guðni Bragason, skólastjóri Tónlistarskólans á Húsavík.

Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Hjörleifur Örn Jónsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri

Anna Hugadóttir, kennari í Tónskóla Sigursveins.

---

<sup>16</sup> Þórir Þórisson og Sigurgrímur Skúlason. *Hljóðfæranám sem hluti af samfelldum skóladegi. Tilraunaverkefni í níu grunnskólum í Reykjavík skólaárið 2001-2002*. Reykjavík: Fræðsluráð Reykjavíkur, Október 2002.

<sup>17</sup> Helga Jónsdóttir. „Viðtöl í eigindlegum og meginndlegum rannsóknum.“ Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, Sigríður Halldórsdóttir, ritstýrði, bls.143. (2013).

## Niðurstöður

### Tónlistarskólinn á Húsavík

Tónlistarskólinn á Húsavík hefur lengi verið í samstarfi við grunnskólann sem í dag heitir Borgarhólsskóli. Tónlistarskólinn var stofnaður á Húsavík 1961 og síðan þá hefur hann verið í sömu húsakynnum og Borgarhólsskóli að undanskildu einu stuttu tímabili þar sem að hann var starfræktur annars staðar. Ekki löngu eftir stofnun tónlistarskólans fór að koma til samstarfs á milli skólanna en formlegt samstarf hófst árið 1972 þegar nemendur fóru að fara úr kennslustundum til að fara í hljóðfæratíma. Samstarfið tókst svo vel með þessum hætti að árið 1992 byrjaði formlegt samstarf milli skólanna í verkefni sem var nefnt „Hljóðfæranám fyrir alla“ en markmiðið var að heill árgangur nemenda fengi tækifæri til þess að kynnast tónlistarkennslu. Með árunum hefur þessi starfsemi tónlistarskólans aukist og nær núna til allra barna frá elsta stigi leikskólans upp í 3. bekk.<sup>18</sup>

Í forskólakennslu í leikskólanum er náminu háttað þannig að kennari úr tónlistarskólanum kemur einu sinni í viku inn í leikskólann og er með kennslustund þar sem er sungið og gerðar rytmaæfingar á haustönn. Síðan á vorönn færist það yfir í það að börnin koma í tónlistarskólann með kennara til að sækja tíma og þarf að leiðandi kynnast rými tónlistarskólans og grunnskólans mun betur.

Í 3. bekk fara nemendur í það sem kallast Hringekja. Í henni fá nemendur, í þriggja manna hópum, að prufa ýmis hljóðfæri undir leiðsögn kennara í tvær vikur í senn á haustönn og síðan veltir þetta þangað til allir hafa prufað hljóðfærin sem standa til boða. Þetta er gert í hópkenndu þar sem tveir til þrjú nemendur fara saman úr kennslustund í hljóðfæratíma, tvisvar sinnum í viku í 30 mínútur í senn. Á vorönn óska nemendur eftir því hvaða hljóðfæri þau vilji helst fá að stunda fram að sumri. Vonin er síðan alltaf sú að einhverjir nemendur vilja halda áfram eftir hringekjuárið en það er auðvitað alltaf mismunandi hvernig fer með það að sögn Guðna.

Auk þess að sinna hringekjunni er tónlistarskólinn með allskonar námskeið fyrir nemendur grunnskólans í því sem kallast áhugasviðsval þar fá nemendur að velja á milli þess að vera í hljómsveitarspili, hljóðlist og afrískum marimbu-hóp. Allt er þetta þjónusta sem grunnskólinn kaupir af tónlistarskólanum. Vert er að nefna að heimsfaraldurinn hafði þó nokkur áhrif á þjónustu tónlistarskólans hvað varðar samstarfsverkefni og sum þeirra því legið niðri í nokkur ár en í samtalinu við Guðna var það greinilegt að verið er að vinna í að koma aftur á laggirnar

---

<sup>18</sup> „Saga Skólans.“ *Tónlistarskóli Húsavíkur*, e.d. <https://www.tonhus.is/is/skolinn/saga-skolans>

forskólakennslu í 1. og 2. bekk grunnskólans en öll önnur þjónusta sem skólinn hafði sinnt áður fyrr er byrjuð aftur.

Aðspurður hvort að hvort að það hafi mögulega einhver áhrif á hlutfall þeirra nemenda sem kjósa að stunda sitt hljóðfæranám á hefðbundum skólatíma að báðir skólarnir deili byggingu segir Guðni að það hafi jákvæð áhrif á skólann frekar en neikvæð því það henti mörgum nemendum og foreldrum að geta klárað skóladaginn milli tvö og þrjú.

Í gegnum forskóla, hringekju og áhugasviðsvals sem tekur við í kjölfarið fá nemendur Borgarhólsskóla að taka þátt í starfsemi tónlistarskólans að einhverju leyti alla sína skólagöngu.

### Tónlistarskóli Reykjanesbærjar

Haraldur Árna Haraldsson var fyrsti skólastjóri Tónlistarskóla Njarðvíkur frá 1984 en eftir að bæjarfélögin voru sameinuð 1994 var honum falið það verkefni í janúar 1999 að stofna nýjan tónlistarskóla alveg frá grunni, Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Í kjölfarið þess var skipuð þriggja manna nefnd sem Haraldur meðal annara sat í. Þessi nefnd lagði til að nemendur 1.-7. bekkjar skyldu fá þann valmöguleika að stunda hljóðfæranámið sitt sem hluta af samfelldum skóladegi með því að fá að fara út úr kennslustund. Einnig var lagt til að tónlistarskólinn sæi um forskóla fyrir 1. og 2. bekk einnig á skólatíma.

Forskólinn er settur þannig upp að í 1. bekk er aðal áherslan lögð á hrynn og tónsköpun. Þau nota Orff-hljóðfæri við kennslu en styðst ekki við kennsluaðferðir hans sem slíkar en eru mikið að nota sílófóna, klukkuspil og svipuð ásláttarhljóðfæri. Þau syngja og hlusta einnig mikið og æfa sig meðal annars í að greina á milli hvaða hljóðfæri eru að spila á upptökum t.d. Í 2. bekk bætist blokkflautan við en að sögn Haralds er það ekki aðal áhersluatriðið og yfirleitt ekki meira en þriðjungur tímans nýttur í blokkflautuna heldur er hún einungis notuð sem tæki til að kenna þeim nótur og lagrænan nótalestur. Bæði árin fá þau svo líka umfangsmikla hljóðfærakynningu þar sem að meðal annars nemendur tónlistarskólans heimsækja nemendur forskólans og kynna hljóðfæri. Í lok 2. bekkjar eru rísa stórir lokatónleikar í salunum Stapa í Hljómahöllinni sem tekur hátt í 400 manns og aðstandendur fylla salinn í tvígang. Þar flytja þau afrakstur síðustu tveggja ára með hálf tíma tónleikum þar sem þau ýmist syngja og spila á áslátturshljóðfæri um leið eða spila á blokkflauturnar. Á meðan börnin standa uppi á sviði er lúðrasveit skólans fyrir framan sviðið og spila undir fluttingi þeirra. Úr verða glæsilegir „útskriftartónleikar“.

Þá tekur við ákveðin veggur en hann er sá að það sækir um svona 15% af árgangnum uppúr öðrum bekk um í tónlistarnámi við tónlistarskóla að sögn Haralds. Skólinn getur ekki tekið allan þennan fjölda inn þannig það staflast alveg upp biðlisti og það komast færri að en vilja og Haraldur segir það svekkjandi fyrir börninn og skólan að ekki allir komist að.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er stór skóli en í skólanum eru u.þ.b. 900 nemendur og sirka 450 þeirra eru forskóla nemendur þannig að það má álykta að forskólinn er gríðarlega stór partur af starfsemi skólans og mikilvægt verkfæri í að efla áhuga barna í Reykjanesbæ á tónlistarmenntun.

Þegar kemur að sinna kennslu á skólatíma barnanna frá 1. bekk upp í 7. bekk segir Haraldur að það að fá að kenna nemendum á skólatíma frekar en í loka skóladags muna töluverðu fyrir nemandann. Tónlistarnám er krefjandi nám og því gott að geta nýtt sér þann tíma dags sem nemandinn er mest móttækilægur fyrir nýjum upplýsingum. Auk þess að í stóru bæjarfélagi eins og Reykjanesbær þar sem starfræktir eru sjö grunnskólar þá munar öllu fyrir kennara skólans að geta sinnt vinnunni sinni á eðlilegum tíma en ekki langt fram á kvöld.

Allt er samt ekki fullkomið og Haraldur nefnir að það tónlistarskólinn stendur stundum fyrir því að missa til dæmis stofur til kennslu í grunnskólunum vegna þeirra auknu krafna á þjónustu og starfsfólki við nemendur sem krafist er af grunnskólanum líkt og þroskaþjálf, húkrunarfræðingur og fleira.

Í samtali okkar Haralds fær maður það á tilfinninguna að heilt yfir þá upplifa skólarnir samstarfið sem jákvæðan hlut. Þó svo að það sé ekki alltaf fullkomið að þá segir hann að grunnskólarnir virðast upplifa eins og þau eiga eitthvað í tónlistarskólanum. Það gerir það að verkum að grunnskólarnir hika ekki að leita til tónlistarskólans þegar vantar atriði á viðburði eins og útskriftir eða árshátíðir. Tónlistarskólar þurf einfaldlega að vera sýnilegir fyrir öllum í sínu samfélagi til að geta réttlæta það fjármagn sem fer í þá ár hvert. Jákvæð upplifun nemenda, foreldra og grunnskólakennara á samstarfinu er gríðarlega mikilvæg til að skapa jákvæða upplifun af Tónlistarskólanum og því sem hann hefur uppá að bjóða.

### Tónlistarskólinn á Akureyri

Þegar Hjörleifur hóf störf við tónlistarskólann árið 2008 var forskóli tónlistarskólans í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar fyrir 1. og 2. bekk. Við tók síðan Tónæði fyrir 3. og 4. bekk, Tóngæði fyrir 5. og 6. bekk og eftir það tók við tónlistarval í efstu bekkjunum. Grunnskólinn sá um að greiða starfsmanni forskólans á meðan tónlistarskólinn bar kostnaðinn fyrir nemendur

frá 3.-6. bekkjar. Svo þegar efnahagskreppan skall á 2008 var tónlistarskólanum gert að skera niður og þá lagðist þessi þjónusta skólans niður.

Verkefnið Söngvaflóð kom til árið 2017 en skólinn hafði í dágóðan tíma verið að reyna að koma á laggirnar samstarfsverkefni milli tónlistarskólans annarsvegar og leik- og grunnskóla bæjarins hinsvegar. Skólinn sá þá fyrir sér að svona verkefni gæti rúmast innan fjárhagsáætlunnar tónlistarskólans. Tónlistarskólinn réði í þrjú stöðugildi til að annast þetta verkefni, einn deildarstjóri í tónlistarskólanum sá síðan um aðal umsjón verkefnisins. Á síðu tónlistarskólans á Akureyri stendur að markmið verkefnisins sé „að auka tónlist í skólum, styðja við ákvæði í aðalnámskrá um list og verkgreinakennslu ogauka sjálfstæði almennra kennara hvað miðlun tónlistar varðar. Brjóta upp skólastarf og auka samvinnu meðal kennara og tengingar þeirra út í samfélagið. Rannsaka áhrif samsöngs og innleiðingu tónlistar á skólamenningu, líðan nemenda og árangur.“<sup>19</sup>

Söngvaflóð fór þannig fram að einu sinni í viku fór kennari á vegum tónlistarskólans í alla leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar einu sinni í viku með kassagítar að æfa og syngja lög með nemendum. Tónlistarskólinn lét síðan útsetja þessa tónlist fyrir ýmist strengjasveit eða bláarasveit skólans sem skiptu á milli sína að spila undir söng leikskólabarnanna fyrir fullan sal að foreldrum í hamraborg í Menningarhúsinu Hofi. Grunnskóla krakkarnir fengu hins vegar að fara saman á stóran söngsal í Hof með frægum söngvara með undirleik ritmískar hljómsveitar.

Það tók síðan ekki langan tíma fyrir kostnað við verkefnið að verða vandamál í augum bæjarfélagsins og var því fljótlega byrjað að trappa verkefnið hægt og rólega niður samkvæmt Hjörleifi. Á næstu þremur árum hélt verkefnið þó áfram í einhverri mynd. Strax eftir fyrsta árið hættu skólarnir að gera sér ferð í Hof en þó héldu söngsalirnir áfram í grunnskólunum. Að lokum voru stöðugildin þrjú fyrir verkefnið tekin í burtu og þá endanlega lognaðist Söngvaflóð útaf. Þó svo að viljinn hafi verið fyrir hendi til að byrja með voru á endanum voru of margt hlutir sem hamlaði framför verkefnisins líkt og að grunnskólarnir fengu verkefnið ekki metið til list og verkgreinakennslu og því þurftu umsjónakennarar alltaf að vera í fylgd nemenda vegna þess að kennari tónlistarskólans er ekki með leyfisbréf kennara. Verkefnið létti þannig ekki á þar heldur mögulega flækti bara meira fyrir skólunum. En fyrst og fremst telur Hjörleifur að vegna fjárskorts hjá fræðsluviði Akureyrarbæjar á þessum tíma hafi söngvaflóðs verkefnið þurft að minnka umfang sitt til að fá að halda áfram í einhverri mynd.

---

<sup>19</sup> „Um Söngvaflóð.“ *Tonak*, e.d. <https://www.tonak.is/is/skolinn/um-verkefnid>.

Í dag er eina samstarf tónlistarskólans við grunnskóla bæjarins tengt hljóðfærakennslu á skólatíma en tónlistarskólinn býður öllum nemendum sínum 1.-7. bekk upp á það sækja hljóðfæratíma á skólatíma eins og margir aðrir tónlistarskólar. Þrátt fyrir að samstarf tónlistarskólans á Akureyrir við grunnskólabæjarins hafi farið í gegnum miklar hæðir og lægðir þá er það greinilegt eftir samtalið við Hjörleif að viljinn er til staðar en margir hlutir spila inn í það að svo fór sem fór. Hjörleifur tekur þó fram að öll börn eigi rétt á tónlistarmenntun og telur það stórkostlegt slys ef að það er engin tónlist í námi barna.

### Fellaskóli - Tilraunaverkefni

Í þessu viðtali var rætt við Önnu Hugadóttur kennara við Tónskóla Sigursveins. Anna er víólu- og fiðlukennari og hefur unnið að tilraunaverkefni tónskólans í Fellaskóla frá upphafi þess haustið 2020.

Hvatinn fyrir verkefninu er að þátttaka barna í tónlistarnámi í póstnúmerinu 111 virðist vera verulega minni en annarstaðar í Reykjavík og þess vegna áttaði skólastjóri Tónskóla Sigursveins, Júlíana Indriðadóttir, sig á því að eitthvað þyrfti að breytast. Árið 2016 hóf skólinn samstarf við Fellaskóla og Hólabrekkuskóla sem fólst í að tónskólinn sá um að útvega kennara til að kenna 1. og 2. bekk tónmenntakennslu. Þá kemur kennari frá tónskólanum inn í lotur hjá bekkjunum og er hluti af samfeldum skóladegi barnanna. Mikil áhersla var lögð á að nemendur komi fram á tónleikum í lok hvers lotu og eru t.d. í lok hvers skólaárs eru stórir tónleikar þar sem báðir árgangarnir úr báðum skólunum koma fram ásamt tónlistarfólki úr tónskólanum. Einnig ættu allir í nemendur að hafa stigið inn í starfstöð tónskólans í breiðholtinu í lok 2. bekkjar. Þetta er hugsað til þess að lækka þröskuldinn og gera skólann aðgengilegri nemendum. Þegar nemendur luku 2. bekk og þeim bauðst að færa sig yfir í hefðbundið tónlistarnám hjá tónskólanum var hlutfallið á milli þeirra nemenda sem héldu áfram þannig að nemendur Hólabrekkuskóla voru mun fleiri en í Fellaskóla eða yfir 85% að mati Önnu. Nemendur úr Fellaskóla voru ekki að skila sér inn í tónskólann, en árið 2020 kemur upp tækifæri til að reyna að bæta úr því þegar Fellaskóli byrjar að breyta um skólastefnu þar sem meiri áhersla er t.d. lögð á skapandi greinar. Í framhaldi af því fær tónlist miklu meira vægi inn í starsemi skólans. Skólahljómsveitin var færð úr Breiðholtsskóla í Fellaskóla og Tónskóli Sigursveins fær aðgang að skólanum og fær leyfi fyrir því að taka nemendur úr tíma til þess að sinna tónlistarnámi sínu.



Anna var fengin til að útfæra tilraunaverkefnið fyrir fiðlu vegna þess hve mikla reynslu af hópkenndu hún hefur í gegnum árin. Fyrsta árið sem verkefnið fór af stað, haustið 2020, var upprunalega planið að hafa 5 nemendur í fyrsta hópnum en fyrir algjöra slysi rambaði einn nemandi inn í tíma hjá hópnum þannig hann bættist við og þau urðu 6. Haustið 2022 fór síðan þriðji árgangurinn af stað og eru þau 13 nemendurnir sem eru í þessu verkefni í dag.

Eins og í hefðbundnu tónlistarnámi þá eru bara ákveðnar margar mínútur sem nemandi fær á viku með kennara og þetta er í grunninn hefðbundið hljóðfæranám, en í Fellaskóla eru þær tvær sem sinna þessum hópi. Þessu er þar af leiðandi háttað þannig að hver nemandi er með 15 mínútur á viku með sitthvorum kennaranum og nemandinn fer úr kennslustund til að sækja tímann. Auk þess eru hóptímar beint eftir að grunnskóladeginum lýkur 2-3 sinnum í viku með því að safna saman þeim mínútukvóta sem eftir er og er það því misjafnt hvort að það er tvisvar eða þrisvar í viku. Í heildina eru þau því að spila undir leiðsögn kennara 4-5 sinnum í viku. Þetta þýðir það að pressan við að æfa sig heima er nánast engin þar sem nemandur skilja hljóðfærin sín eftir í skólanum í lok hvers dags og taka þau ekki heim nema í lengri fríum og þá einungis ef það eru forsendur fyrir því. Þau fá að ráða því að aðstæður hvers og eins nemanda eru mismunandi, búa kannski þröngt, engin friður heima vegna systkina eða bara að það er ekki stemming fyrir því. Það er nefnilega engin pressa um að æfa sig heima og því hægt að geyma hljóðfærin í skólanum vegna þess hversu oft á viku þau eru undir leiðsögn kennara. Það er stöðug eftirfylgni, ávallt verið að laga og benda á og aldrei verið að spila í gegnum eitthvað hugsunarlaust og það þýðir að það fer öllum fram. Allt getur þó ekki verið fullkomið og það eru vissulega gallar við að kenna svona. Það er t.d. frekar hamlandi að sitthvor kennarinn fái bara 15 mínútur á viku með hverjum nemanda og það gerir það að verkum að það verði að vinna frekar markvisst í hverjum tíma og því lítið svigrúm til að laga námið að persónulegum þörfum hvers og eins nemanda eins og t.d. tónlistarsmekk hvers og eins. Til þess að fá sem mest úr tímanum er unnið með fyrir fram ákveðið efni en þau spila mikið eftir eyranu og vinna mikið með hljóðupptökur. Það er verið að vinna með efni úr Suzuki aðferðinni og með allskonar efni tengt hópkenndu frá norðurlöndunum og Bretlandi, það sem að í raun og veru er hægt nota bæði í einkatíma og svo í hóptíma.

Nemendur Fellaskóla eru einnig virkir þáttakendur í menningarlífi skólans en þau eru mjög dugleg að koma fram og spila á sal, jólastundum í bekknum. Þegar krakkarnir eru að spila á sal eða í Fella- og Hólakirkju þá mætir allur bekkurinn. Sumir kennarar eru líka farnir að spyrja að fyrra bragði hvort að nemendurnir þeirra geti ekki spilað á uppákomum hjá bekknum t.d.

Anna segir að það sé fyrst og fremst vilji stjórnenda fyrir samstarfinu, opin skoðanaskipti og það að alveg frá degi eitt var lögð áhersla á góð samskipti milli

umsjónarkennara og tónlistarkennara sé það sem láti samstarfið ganga upp. Þær hitta umsjónarkennarana á hverju hausti til að skipuleggja stundartöflu og þá hvenær best væri að taka nemendur úr tíma og þess háttar og síðan funda þær einnig líka með skólastjóra og deildarstjórunum tvisvar á ári, en það eru þessi beinu samskipti sem Anna telur að liðki fyrir samstarfinu og geri það svona gagnvirk. Það eru allir að vinna að því sama markmiði að efla og mennta þessa nemendur.

## Umræður og ályktanir

Í þessari ritgerð var leitast við að greina tækifæri og áskorarnir í samstarfi tónlistarskóla við grunnskóla. Stuðst var við fræðilegar heimildir auk gagna sem fengust úr eigindlegum einstaklingsviðtölum.

Það er greinilegt að tækifæri til samstarfs milli tónlistarskóla og grunnskóla eru til staðar og geta tekið á sig ýmsar myndir. Langalgengast er að tónlistarskólarnir fái aðgang að rými eða rýmum grunnskólanna til að sinna hljóðfærakennslu á skólatíma. Þetta fyrirkomulag hefur margar jákvæðar hliðar. Fyrir nemendur þýðir það þægilegri tímasetningu fyrir hljóðfæratíma. Nemendur eru þannig oft en ekki mun móttækilegri fyrir nýjum upplýsingum fyrri hluta dags heldur en seinni hluta dags. Tónlistarnám er krefjandi og þarfnast mikillar einbeitingu sem oft dvínar eftir því sem líður á daginn og því hentar þetta fyrirkomulag mörgum nemendum mjög vel. Fyrir foreldra felst ákveðið öryggi í að vita af því að barnið sitt geti sótt sína menntun á einum stað. Í sumum tilvikum er það jafnvel eina leiðin sem þau sjá fram á að geta leyft barninu sínu að stunda tónlistarnám. Tómsstundir utan hefðbundins skólatíma geta lagt mikið álag á foreldra. Með fyrirkomulagi sem þessu minnkar þetta álag foreldra töluvert þar sem að ekki þarf að sækja í grunnskólann og skutla í tónlistarskólann heldur er þetta á sama stað. Til dæmis um svona fyrirkomulag má nefna Fellaskóla þar sem að foreldrar og nemendur þurfa ekki einu sinni að hafa áhyggjur af því að gleyma hljóðfæri sínu heima þar sem að þau eru nánast undantekningalaust geymd í skólanum.

Fyrir kennara tónlistarskólans er kennsla á skólatíma nemenda gríðarlegur kostur því það bíður upp mun eðlilegri vinnutíma. Í stað þess að vinnutími þeirra geti ekki hafist fyrr en að grunnskóladegi loknum og þurfa síðan að vinna langt fram eftir kvöldi. Auk þess eins og áður hefur komið fram eru nemendur mun móttækilegri fyrir nýjum upplýsingum fyrri hluta dags og því er líklegra á að ná afkastameiri kennslustund.

Það að tónlistarskólar taki virkann þátt í samfélagi grunnskólanna getur haft margskonar jákvæð áhrif. Einungis það að núverandi nemendur tónlistarskólans séu sýnilegir

innan síns grunnskóla, taka þátt í sal, þemadögum og álíka uppákomum hefur jákvæð áhrif á viðhorf annara nemenda til tónlistarnáms. Það er mikilvægt að tónlistarskólar nýti sér tækifærin til að koma nemendum og starfsemi tónlistarskólans á framfæri til að brúa bilið á milli skólanna. Ef tónlistarskólum mistekst að nýta þessi jákvæðu viðhorf getur skapast hættan. Hættan getur verið sú að nemendur og kennarar upplifi tónlistarskólanna sem óaðgengilega vegna þeirra sérhæfingar og krafa sem sett eru á tónlistarmenntun. Því er mikilvægt að virkni tónlistarskólanna í menningarlífi grunnskólanna líkt og þátttaka á sal, árshátíðum og útskriftum og svo framvegis, séu aðgengileg svo hún geti skapað þau tengsl á milli skólanna sem lætur þeim líða eins og þau séu mikilvæg fyrir starfsemi hvors annars. Þó svo að tónlistarskólarnir sem nefndir voru í þessari ritgerð eru taka misstórann þátt í daglegri starfsemi grunnskólanna er gífurlega mikilvægt að grunnskólarnir og aðrar stofnanir upplifi það að tónlistarskólinn sé þeim aðgengilegur og opinn fyrir þeim.

Þegar kemur að áskorunum í samstarfi skólanna er ýmislegt sem hamlar farsælu samstarfi. Það er margt sem getur komið uppá sem er úr höndum stjórnenda skólanna. Grunnskólarnir eru samkvæmt lögum bundnir því að veita ákveðnar grunnþjónustu utan kennslu líkt og námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, þroskaþjálfari og fleira. Þá kemur oft fyrir að þar sem skólarnir voru ekki upprunalega hannaðir til að rúma þessa þjónustu að þá geta tónlistarskólanir þurft að víkja með sína starfsemi. Þetta býr til ákveðið óöryggi og óhagræði í skipulagi tónlistarskólans sem stólar oft á það að geta boðið nemendum sínum upp á hljóðfæratíma á skólatíma.

Ein lausn til að auka mikilvægi samstarfs milli tónlistarskóla og grunnskóla væri ef að þeir gætu nýtt samstarf sitt til að koma á móts við list- og verkgreinakennslu grunnskólanna og þar með létt undir grunnskólakennurum. Líkt og Anne Bamford bendir á í skýrslunni sinni að þá eiga þeir kennarar sem menntaðir eru í tónmenntakennslu oft undir högg að sækja. Mikill skortur er á tónlistarmenntuðum kennurum sem einnig eru með leyfisbréf kennara. Þó svo að það tíðkist alveg eins og hefur verið nefnt hér í þessari ritgerð að tónlistarskólar bjóði uppá forskólakennslu á grunnskólatíma en þá er það iðulega á vegum tónlistarskólans. Eins og áður hefur verið nefnt að þá eru þeir tónlistarkennara sem hafa lokið námi í tónlistarkennslu en ekki tónmenntarkennslu ekki jafnvígir þar sem þeir fá ekki leyfisbréf kennara að loknu námi. Það getur hindrað fyrir framgangi verkefna þar sem ætlunin er að léttja undir hjá grunnskólakennurum þar sem tónlistarkennari getur ekki lagalega séð verið skilin eftir einn með nemendum og því þurfa umsjónakennara alltaf að fylgja nemendum.

Til þess að tryggja framþróun tónlistarskólanna er náið samstarf við þá leik- og grunnskóla lykilatriði. Þegar kemur að því að halda úti góðu og gagnlegu samstarfi milli

tónlistarskóla og grunnskóla er mikilvægt að samskipti þeirra á milli séu ávallt á jöfnum grundvelli og að allir aðilar séu tilbúnir að vinna saman. Skólarnir þurfa að vera tilbúnir að hlusta á hvort annað til að passa upp á það að ekki frjósi á milli stjórnenda og kennara og að samstarfið hafi það alltaf að leiðarljósi hvað er best fyrir nemendur.

## Heimildaskrá

Bamford, Anne. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Apríl 2011.

Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigurþórsson. *Niðurstöður funda á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2019, Viðauki um tónlistarskóla*. 1. október 2020.

Helga Jónsdóttir. „Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknum.“ Í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, Sigríður Halldórsdóttir, ritstýrði, bls.143. 2013.

„List- og verkgreinar.“ *Aðalnámskrá grunnskóla*, e.d. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>.

Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2000.

Páll Ísólfsson, „Setning tónlistarskólans 5. október 1930,“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 12. október 1930, bls. 315.

„Saga Skólans.“ *Tónlistarskóli Húsavíkur*, e.d. <https://www.tonhus.is/is/skolinn/saga-skolans>.

„Saga Skólans.“ *Tonak*, e.d. <https://www.tonak.is/is/skolinn/saga>.

„Tónlistarfélag og Tónlistarskóli Ísafjarðar: Afmælishátíð og skólaslit.“ *Vestfirska fréttablaðið*, 26. maí 1988, bls 1.

„Um Söngvaflóð.“ *Tonak*, e.d. <https://www.tonak.is/is/skolinn/um-verkefnid>.

Þórir Þórisson og Sigurgrímur Skúlason. *Hljóðferanám sem hluti af samfelldum skóladegi. Tilraunaverkefni í níu grunnskólum í Reykjavík skólaárið 2001-2002*. Reykjavík: Fræðsluráð Reykjavíkur, Október 2002.